

92. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 27. apríl 2010, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Rekstur Blöndósbæjar janúar-mars 2010
 2. Fundargerð:
 - a) Menningarráð Norðurlands vestra frá 24. mars 2010
 3. Unglingalandsmót
 4. Bréf frá Siglingastofnun frá 19. apríl 2010
 5. Bréf frá Vinum Kvennaskólans ódags.
 6. Bréf frá Hagþjónustu landbúnaðarins frá 12. apríl 2010
 7. Bréf frá Þjóðskrá frá 19. apríl 2010
 8. Bréf frá Farskólanum frá 26. apríl 2010
 9. Bréf frá Vilko ehf. frá 12. apríl 2010
 10. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu frá 6. apríl 2010
 11. Erindi frá Hestamannafélaginu Neistanum frá 23. apríl 2010
 12. Trúnaðarmál
 13. Vinabæjarheimsókn til Moss
-

Afgreiðslur:

Formaður bæjarráðs óskar eftir að taka liðinn önnur mál upp í lok dagskrár. Samþykkt samhljóða.

1. **Rekstur Blöndósbæjar janúar-mars 2010**
Fjármálastjóri fór yfir og lagði fram yfirlit rekstrar og fjárfestingar Blönduósbæjar fyrstu þrjá mánuði ársins.
2. **Fundargerð:**
 - a) **Menningarráð Norðurlands vestra frá 24. mars 2010**
Lögð fram til kynningar.
3. **Unglingalandsmót**
Þórhalla Guðbjartsdóttir og Aðalbjörg Valdimarsdóttir mættu undir þessum lið. Rætt var um möguleika á Unglingalandsmóti á Blönduósi.
4. **Bréf frá Siglingastofnun frá 19. apríl 2010**
Siglingastofnun skal samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og lögum um sjóvarnir nr. 28/1997 vinna að tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir og sjóvarnir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

Umsóknir um ríkisframlög til verkefna á næsta áætlunartímabili skal senda til Siglingastofnunar fyrir ágúst 2010.

Bæjarráð felur tæknideild að skoða málið frekar og greina hvaða framkvæmdir eru nauðsynlegar fyrir hafnarmannvirkin á Blönduósi.

5. Bréf frá Vinum Kvennaskólans ódags.

Aðalfundur Vina Kvennaskólans verður haldinn í Kvennaskólanum á Blönduósi fimmtudaginn 20. maí kl. 20:00.

Lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Hagþjónustu landbúnaðarins frá 12. apríl 2010

Landbúnaðarráðuneytið hefur falið Hagþjónustu landbúnaðarins að afla gagna og sjá um gerð og útgáfu á Lögbýlaskrá ríkisins.

Óskað er eftir að skráin sé rétt færð inn og réttar upplýsingar séu birtar.

7. Bréf frá Þjóðskrá frá 19. apríl 2010

Þjóðskrá vill vekja athygli sveitarstjórna á viðmiðunardegi kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninganna 29. maí 2010. Í 5. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 segir: „ Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt þjóðskrá þremur vikum fyrir kjördag.“ Þetta þýðir að kjörskrárstofnar þjóðskrár samkvæmt 4. gr. laganna verða miðaðir við skráð lögheimili manna í ákveðnu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 8. maí 2010.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Farskólanum frá 26. apríl 2010

Boðað er til aðalfundar Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra, föstudaginn 30. apríl kl. 10:30 í húsnæði Farskólans við Faxatorg, Sauðárkróki.

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Vilko ehf. frá 12. apríl 2010

Á fundi stjórnar Vilko ehf. sem haldinn var þann 24. mars sl. kom fram að SAH Afurðir ehf. vilja selja hlut sinn í Vilko ehf. Samkvæmt samþykktum Vilko ehf. hefur Blönduósbær forkaupsrétt á hlutabréfum í Vilko ehf.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti Blönduósbæjar í hlutabréfum Vilko ehf.

10. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu frá 6. apríl 2010

Umhverfisráðuneytið vill koma því á framfæri að undanþága urðunarstaðarins við Draugagil frá starfsleyfi muni fljótlega falla úr gildi. Jafnframt að ætli sveitarfélagið að reka urðunarstaðinn áfram, eftir opnun þess nýja við Sölvabakka þá verði það gert á grundvelli nýs starfsleyfis en ekki undanþágu. Með nýju starfsleyfi fyrir urðun á lífrænum úrgangi þarf að ráðast í miklar framkvæmdir í Draugagili til að uppfylla allar kröfur.

Bæjarráð telur að Draugagilið sé ekki framtíðarstaður fyrir urðun á lífrænum úrgangi. Nauðsynlegt er að fundin sé lausn á förgun á lífrænum úrgangi á héraðsvísu.

11. Erindi frá Hestamannafélaginu Neistanum frá 23. apríl 2010

Hestamannafélagið Neistinn sækir um styrk til umhirðu á skeiðvelli félagsins í Kleifarhorni.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Hestamannafélagið Neistann um kr. 100.000 til umhirðu á skeiðvellingum.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

13. Vinabæjarheimsókn til Moss

Í sumar verður hin árlega vinabæjarheimsókn haldin í Moss Noregi dagana 28. júní til 4. júlí.

Bæjarráð vísar málinu til æskulýðs-og tómstundanefndar til umfjöllunar.

14. Önnur mál

a) Fjargæslukerfi fyrir vatns- og fráveitu Blönduósbæjar

Bæjarráð samþykkir að fjargæslukerfi fyrir vatns-og fráveitukerfi verði höndum í Tæknideildar Blönduósbæjar.

Bæjarráð samþykkir að jónustusamningi við Rarik um fjargæslu á vatns-og fráveitu verði sagt upp. Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu málsins.

b) Útboðsmál á skólaakstri

Bæjarstjóri kynnti drög að útboðslýsingu á skólaakstri í Blönduósbæ. Umræður urðu um málið. Bæjarstjóra falið að ganga frá útboðsgögnum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:30

*Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)